

Sp. 528. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um staðfestingu á niðurstöðum viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

Alþingi ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða við Ísland, sem undirrituð var hinn 20. mars 1976. Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöðu viðræðna við færeyinga. Niðurstaðan heimilar línu- og togveiðar Færeyinga í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu. Auk þess eru gefin leyfi til handfæraveiða svipað og í fyrri samningi, að öðru leyti en því að breytingar á grunnlínupunktum frá þeim tíma hafa haft í för með sér nokkrar breytingar á veiðisvæðum. Heildaraflí færeyskra skipa á Íslandsmiðum skal eigi fara fram úr 17 000 smálestum á ársgrundvelli og þar af skal þorskafli ekki vera meira en 8 000 tonn. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa kemur í stað eldra fyrirkomulags, sem féll úr gildi 13. nóvember 1975. Þetta fyrirkomulag er ótímabundið og uppsegjanlegt af hvorum aðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR

milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands
og landsstjórnar Færeyja.

Þann 12. mars 1976 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Á grundvelli framhaldsviðræðna milli aðila varð niðurstaðan sú, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, skulu heimilar fiskveiðar innan fiskveiðimarka samkvæmt reglugerð nr. 299 frá 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem hér segir:

1. Handfæraveiðar.

Handfæraveiðar skulu heimilar innan fiskveiðilögsögu Íslands utan 4 sjómílna frá grunnlínu og utan 6 sjómílna við Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu á tveimur svæðum, sem afmarkast þannig:

- a) að vestan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 1 (Horn 66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd.) og að austan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 6 (Rauðinúpur 66°30'7 n.br., 16°32'4 v.lgd.)
- b) að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá grunnlínupunkti nr. 9 (Langanes 66°22'7 n.br., 14°31'9 v.lgd.) og að sunnan af línu réttvísandi austur frá grunnlínupunkti nr. 10 (Glettinganes 65°30'5 n.br., 13°36'3 v.lgd.).

Á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði, sem afmarkast að austan af línu, réttvísandi suður frá grunnlínupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17'6 n.br., 20°36'3 v.lgd.) og að vestan af línu, réttvísandi í vestur frá grunnlínupunkti nr. 32 (Skálasnagi 64°51'3 n.br., 24°02'5 v.lgd.).

2. Línuveiðar.

Línuveiðar skulu heimilar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu í samræmi við eftirfarandi reglur:

SAMRÁÐINGAR

millum umboð fyrri Ríkisstjórn Íslands
og Føroya landsstýri.

12. mars 1976 vóru í Reykjavík samráðingar millum umboð fyrri Ríkisstjórn Íslands og Føroya landsstýri um stöðu færoyinga til fiskiveiðu undir Íslandi.

Grundað á samráðingarnar millum partarnar varð niðurstöðan tann, at skip, ið eru skrásett í Føroyum, skulu hava rætt til fiskiskap innan fiskimarkið eftir reglugerð nr. 299 frá 15. juli 1975 um landleið Íslands, sum her skilað til:

I. Snörisveiða.

Snörisveiða er loyvd á landleið Íslands uttan fyrri 4 fjórðingar frá grundlinjunum og uttan fyrri 6 fjórðingar við Grímsey. Tó er snörisveiða loyvd inn at grundlinjunum í tveimum stöðum, ið verða avmarkaði soleiðis:

- a. Vestureftir av linju í réttvísandi norðan frá grundlínupunkti nr. 1 (Horn 66°27'4 N, 22°24'3 W) og eystureftir av linju í réttvísandi norðan frá grundlínupunkti nr. 6 (Rauðinúpur 66°30'7 N, 16°32'4 W).
- b. Norðureftir av linju í réttvísandi landnyrðing frá grundlínupunkti nr. 9 (Langanes 66°22'7 N, 14°31'9 W) og suðureftir av linju í réttvísandi eystan frá grundlínupunkti nr. 10 (Glettinganes 65°30'5 N, 13°36'3 W).

Í tíðarskeiðinum 1. januar til 15. maí er snörisveiða tó ikki loyvd innan fyrri 12 fjórðingar á einum öki, sum avmarkast eystureftir av linju í réttvísandi sunnan frá grundlínupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17'6 N, 20°36'3 W) og vestureftir av linju í réttvísandi vestan frá grundlínupunkti nr. 32 (Skálasnagi 64°51'3 N, 24°02'5 W).

II. Línuveiða.

Línuveiða er loyvd á landleiðinni uttan fyrri 12 fjórðingar frá grundlinjum eftir hesum reglum:

Sjávarútvegsráðuneyti Íslands skal tilkynnt um nöfn, skrásetningarnúmer og stærð þeirra skipa, sem æskja ofangreindrar heimildar skv. 1. og 2, og getur þá ráðuneytið veitt veiðileyfi, er gildi í ákveðinn tíma í senn, þó að jafnaði eigi skemur en í 4 mánuði. Ráðuneytið getur afturkallað útgefin veiðileyfi einstakra skipa, ef um brot á reglum þessum verður að ræða.

3. Togveiðar.

Tilteknum veiðiskipum, 10 að tölu, samkvæmt lista, sem færeyska landstjórnin lætur í té og samþykktur er af íslenskum stjórnvöldum, skulu heimilar togveiðar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu. Hvers konar vinnsla afla um borð í skipum þessum skal óheimil.

4. Almenn ákvæði.

Heildarafli færeyskra skipa á Íslandsmiðum á ársgrundvelli skal eigi fara fram úr 17 000 smálestum, og af því magni skal þorskafla ekki vera meiri en 8 000 tonn.

Færeysk skip, er veiðar stunda samkvæmt framangreindu, skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, þar á meðal reglum um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda, friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Staðsetning færeyskra skipa skal daglega tilkynnt íslensku landhelgisgæslunni meðan þau stunda veiðar á hafsvæðinu umhverfis Ísland.

Aflamagn færeyskra skipa skal á hverjum tíma tilkynnt Fiskifélagi Íslands. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og getur hvor aðili sagt því upp með sex mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Einar Ágústsson.
Matthías Bjarnason.

Fiskimálaráð Íslands fær boð um nöfn, skrásetningarnúmer og stödd á tveimum skipum, sum ynskja nevndu loyvi eftir I og II, og kann tá fiskimálaráðið veita veiðuloyvi galdandi fyri ávíst tíðarskeið í senn, tó vanliga ekki fyri styttri tíðarskeið en 4 mánaðir. Fiskimálaráðið kann taka aftur givin loyvi til einstök skip, sum brotið hava hesar reglur.

III. Trolveiða.

Tilskilaðum trolarum, 10 í tali, eftir lista, sum Föroya landsstýri ger, og sum er góðkendur av íslenskum stjórnarmyndugleikum, er loyvt at veiða á landleiðinni uttan fyri 12 fjórðingar frá grundlinjum. Eingin viðgerð av veiðu er loyvd umborð á hesum skipum.

IV. Almennar reglur.

Heildarveiðan hjá föroyskum skipum undir Íslandi má ekki vera hægri enn 17 000 tons uppá ársgrundarlag, og av hesi mögd má veiðan av toski ekki fara upp um 8 000 tons.

Föroysk skip, sum fiska undir hesum treytum, skulu lúka somu reglur sum íslensk skip í somu fiskiveiðu, hari-millum reglur um meskustödd á botntroli og flóttitroli, minstamat fyri fiskaslög, firðingaröki og reglur um stongd öki.

Föroysku skipini skulu dagliga siga íslensku sjóverjuni frá, hvar tey eru stödd, meðan tey veiða undir Íslandi.

Henda skipanin um fiskivinnuna undir Íslandi hjá föroyskum skipum kemur í staðin fyri eldri fyriskipan um sama evni og kann verða uppsögd við 6 mánaða freist av báðum pörtum.

Reykjavík, 20. mars 1976.

Staðfest:

Atli Dam.
F. Isaksen.